


Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 31. janúar 2011
Tilvísun: 2010111090VEL/--

Efni: Frumvarp til laga um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja

1.

Persónuvernd vísar til tölvubréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 25. nóvember 2010 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja (þskj. 269, 238. mál á 139. löggjafarþingi). Þá vísar Persónuvernd til fundar efnahags- og viðskiptanefndar með Persónuvernd og fleiri aðilum þann 9. desember 2010.

Verði frumvarpið að lögum mun efnahags- og viðskiptaráðherra verða heimilt að sækja tilteknar upplýsingar um fjárhagslegar aðstæður einstaklinga, fjölskyldna og lögaðila frá tilteknum aðilum sem taldir eru upp í 2. gr. frumvarpsins ásamt þeim upplýsingum sem ráðherra verður heimilt að sækja til þeirra aðila.

Í 3. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um samkeyrslu framangreindra upplýsinga. Segir þar m.a. að beita skuli aðferðum sem Persónuvernd samþykkir til að skipta á kennitölum og fjölskyldunúmerum hinna skráðu og öðrum auðkennum sem hverfandi litlar líkur eru taldar á að utanaðkomandi geti varpað aftur yfir í hin upphaflegu persónuauðkenni. Af athugasemdum við 3. og 4. gr. frumvarpsins verður þó ekki annað ráðið en að upplýsingarnar muni þó áfram vera rekjanlegar til viðkomandi einstaklinga, en þar segir að um verði að ræða persónugreinanlegar upplýsingar.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins segir að ráðherra skuli rannsaka samkeyrðar upplýsingar í því skyni að varpa ljósi á fjárhagsstöðu skuldugra heimila og fyrirtækja og taka eingöngu saman úr þeim ópersónugreinanlegar upplýsingar til frekari kynningar samkvæmt 5. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins falla lög á grundvelli þess úr gildi 1. janúar 2014, en fyrir þann tíma skuli

úttekt lokið og öllum samkeyrðum gögnum eytt.

Í athugasemdum þeim er fylgja frumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi segir að nokkrar breytingar hafi verið gerðar á frumvarpinu frá því það var lagt fram á 138. löggjafarþingi. Helstu breytingar eru í fyrsta lagi að gildissvið frumvarpsins hefur verið víkkað út og nær það nú bæði til heimila og fyrirtækja. Í öðru lagi hefur fleiri upplýsingum og skráarhöldurum verið bætt við. Í þriðja lagi er nú mælt fyrir um að skráarhöldurum verði gert að varðveita eintök af þeim upplýsingum sem safnað verður vegna úttektarinnar. Í fjórða lagi er nú mælt fyrir um að ráðherra tilnefni vinnsluaðila og í fimmta lagi er lagt til að gildistími laganna verði til 1. janúar 2014 í stað 1. maí 2013.


2.

Persónuvernd hefur áður veitt umsögn vegna sambærilegs frumvarps sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi, en það frumvarp náði ekki fram að ganga. Í umsögn Persónuverndar, dags. 17. maí 2010, lýsti stofnunin yfir áhyggjum af þeirri viðtæku vinnslu persónuupplýsinga sem lög á grundvelli frumvarpsins myndi hafa í för með sér, ekki síst í ljósi tilhneigingar til að framlengja varðveislutíma í gagnagrunnum sem til verða með upplýsingum um einstaklinga. Vísaði stofnunin í þessu sambandi m.a. til ákvæða 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs.

Á fundi með efnahags- og viðskiptanefnd þann 9. desember 2010 ítrekaði starfsmaður Persónuverndar fyrri afstöðu stofnunarinnar til frumvarpsins. Þá kom enn fremur fram að stjórn Persónuverndar hefði rætt málið á fundi sínum þann 7. desember 2010 og hefði hún gert alvarlegar athugasemdir við að til yrði slíkur gagnagrunnur sem hér um ræðir. Það væri skoðun stjórnar að til að umrædd lagasetning gæti orðið að veruleika þyrfti að sýna fram á nauðsyn á varðveislunni persónugreinanlegra upplýsinga, en einungis þannig væru uppfyllt ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu fælist að sýnt væri fram á af hverju sá möguleiki væri ekki fyrir hendi að vinna úr viðkomandi persónuupplýsingum, búa til nauðsynlega tölfræði og þegar að því loknu eyða öllum persónugreinanlegum upplýsingum.

Í ljósi framangreinds ítrekar Persónuvernd aftur framangreinda afstöðu sína.

Virðingarfyllt



Vigdís Eva Línadal